

Hero Productions ehf.
Súðarvogur 7
104 Reykjavík

Reykjavík, 7. ágúst 2019
UST201907-252/F.P.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku – Skógafoss

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hero Productions ehf, dagsett 30. ágúst 2019, um kvikmyndatöku innan Skógafoss.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku við Skógafoss sem fer fram þann 8. ágúst 2019. Ekki er komið í ljós klukkan hvað tókurnar verða en gert er ráð fyrir að þær taki um 5-10 klst. Tökur fara fram á útsýnissvæðinu, sunnan megin við fossinn. Tveir dansarar dansa í mistrinu frá fossinum. Eftirfarandi búnaður er notaður við tókurnar: myndavél, 1x ljós, 12x12 rammi fyrir grænskjá (ekki er þó víst að það þurfi að nota ljósinn eða grænskjáinn, fer eftir aðstæðum þann dag). 17 manns koma að verkefninu. Þremur níu manna bílum og einum sendirferðarbíl verður lagt á bílastæðinu. Ekki er gert ráð fyrir raski eða náttúruspjöllum þar sem tókurnar verð innan afmarkaðra göngustíga.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á svæðið sjálft, náttúru þess eða dýralíf. Hins vegar koma þúsundir gesta að Skógarfossi daglega og er ljóst að verkefnið mun rýra upplifun þeirra sem koma á svæðið á meðan á tókunum stendur. Æskilegt er að halda sig á göngustígnum. Takmarka skal fjölda þeirra sem fara utan stíga eins og kostur er.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir ofangreindu verkefni við Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan þann 8. ágúst 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Taka skal tillit til annara gesta á svæðinu og ef til kemur að tónlist sé notuð á svæðinu skal gera getum viðvart áður.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókusvæði eða á fatnaði tókuliðs.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar á internetinu skal það tekið fram í myndbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.


Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.



René Biasone
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sigrún Agúsdóttir
Sviðsstjóri